

Sp. 116. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um aukin fjárframlög vegna framkvæmda samkvæmt byggingaráætlun í Breiðholti og um endurgreiðslu á fé til Byggingarsjóðs ríkisins.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason, Jón Skaftason,
Björn Fr. Björnsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson,
Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afla fjár vegna framkvæmda samkvæmt áætlun um byggingar í Breiðholti í Reykjavík, eftir því sem þörf krefur, til viðbótar lánnum Húsnæðismálastofnunarinnar til íbúðakaupenda og eigin framlögum þeirra.

Jafnframt endurgreiði framkvæmdanefnd byggingaráætlunarinnar Byggingarsjóði ríkisins það fé, sem hann hefur varið til framkvæmdanna í Breiðholti umfram venjuleg íbúðalán, enda úthluti húsnæðismálastjórn þessu fjármagni eftir reglum hins almenna veðlánakerfis.

Greinargerð.

Með júnisamkomulaginu 1964 milli ríkisstjórnarinnar, vinnuveitenda og verkafélagsshreyfingarinnar var því heitið, að komið skyldi á kerfisbreytingu íbúðarlána, þannig að tryggt verði fjármagn til þess að veita lán til ákveðinnar tölu íbúða á ári, og verði loforð fyrir lánnum veitt fyrir fram. Fyrstu árin verði þessi lán ekki færri en 750 og lánsfjárhæð út á hverja íbúð ekki lægri en 280 þús. kr. Þessi tala skyldi við það miðuð, að tryggð verði bygging 1500 íbúða á ári, en síðan færi hún smáhækkandi í samræmi við áætlanir um þörf fyrir nýjar íbúðir.

Á árinu 1965 var í sambandi við kjarasamninga aftur gert samkomulag um húsnæðismál milli ríkisstjórnar og verkalýðsfélaga. Þá var ákveðið, að hefja skyldi byggingu íbúða í Reykjavík samkvæmt áætlun. Þeir félagsmenn í verkalýðsfélögum, sem keyptu þessar íbúðir, skyldu eiga kost á allt að 80% láni út á verðmæti íbúðanna. Gert var ráð fyrir, að veitt yrðu lán úr Byggingarsjóði ríkisins út á þessar íbúðir, er samsvöruðu lánum, sem aðrir húsbyggjendur fá úr sjóðnum. Að öðru leyti skyldi ríkisstjórnin útvega fjármagn til framkvæmdanna. Tekið var fram, að samið yrði við Atvinnuleysistryggingasjóð um lánveitingar út á þessar íbúðir og kæmu þau lán til viðbótar lánum frá húsnæðismálastjórn.

Byggingarframkvæmdir samkvæmt þessari áætlun hófust í apríl 1967, og var húsunum valinn staður í Breiðholti í Reykjavík. Fyrsta áfanga þessara framkvæmda mun verða lokið á öndverðu ári 1969. Hafa þá verið reistar í þessu hverfi 335 íbúðir.

Heildarkostnaður við þetta er orðinn 331 millj. kr. Af þessari fjárhæð eru 94.5 millj. kr. lán húsnæðismálastjórnar til íbúðakaupenda. En til viðbótar þessu hefur Byggingarsjóður ríkisins lánað vegna framkvæmda samkvæmt byggingaráætluninni allt að 150 millj. kr. Þessi ráðstöfun fjár skerðir tilfínanlega fjárráð Byggingarsjóðs til annarra þarfa og torveldar, að húsnæðismálastjórn geti fullnægt eftirspurn lána eftir reglum hins almenna veðlánakerfis. En langur dráttur á afgreiðslu þeirra lána veldur húsbyggjendum óþægindum og kostnaði, m. a. vegna sífelldra verðhækkana og hárra vaxta af lausaskuldum.

Þessi tillaga felur í sér fyrirmæli til ríkisstjórnarinnar um, að hún fari að eins og til var ætlað með samkomulaginu 1965 og afli fjár vegna framkvæmda samkvæmt áætlun um byggingar í Breiðholtshverfinu til viðbótar lánum Húsnæðismálastofnunarinnar til kaupenda íbúðanna. Jafnframt endurgreiði framkvæmdanefnd byggingaráætlunarinnar Byggingarsjóði ríkisins það fé, sem hann hefur varið til framkvæmdanna í Breiðholti umfram venjuleg íbúðalán, enda úthluti húsnæðismálastjórn þessu fjármagni eftir reglum hins almenna veðlánakerfis.